

Vatnajökulsþjóðgarður
Urriðaholtsstræti 6–8
210 Garðabæ



Reykjavík, 7. maí 2019

Efni: Umsögn SAF um drög að atvinnustefnu Vatnajökulsþjóðgarðs.

Drög að atvinnustefnu Vatnajökulsþjóðgarðs var birt á vef þjóðgarðsins í apríl sl. Óskað var eftir því að áhugasamir sendu stofnuninni skriflegar ábendingar og athugasemdir við stefnuna eigi síðar en 1. maí 2019. SAF – Samtök ferðaþjónustunnar hafa yfirfarið stefnuna og vilja koma nokkrum atriðum á framfæri með umsögn þessari. Beðist er velvirðingar á að umsögnin er send þjóðgarðinum eftir lok umsagnarfrestsins.

Samkvæmt ákvæði 8. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð, nr. 60/2007, ber stjórn þjóðgarðsins að hafa yfirumsjón með gerð atvinnustefnu, þ.m.t. að móta skilyrði fyrir því að aðilar megi stunda atvinnu innan þjóðgarðsins og samninga þar um. Af 3. mgr. 1. gr. laganna leiðir að lögunum er ætlað að ná m.a. til stjórnar og reksturs þjóðgarðsins og verndun náttúrufars innan hans. Með stofnun þjóðgarðsins var m.a. stefnt að því að gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru og sögu svæðisins og leitast við að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins, m.a. með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar svæðisins. Ákvæði laganna sem með einum eða öðrum hætti tengjast atvinnurekstri í þjóðgarðinum eiga í meginatriðum rót sína að rekja til laga nr. 101/2016 sem breyttu lögum nr. 60/2007. Af lögskýringargögnum verður ráðið að með atvinnustefnunni sé ætlunin að stjórn þjóðgarðsins setji fram þau skilyrði sem atvinnurekstraraðilar eigi að uppfylla til að mega að stunda starfsemi sína innan þjóðgarðsins. Ljóst er að löggjafinn hefur litið til fjölgunar ferðamanna við setningu laga nr. 101/2016 og gert ráð fyrir að ásókn í þjóðgarðinn mundi aukast. Taldi hann til þess geta komið að takmarka þurfi nýtingu og umferð ferðamanna. Virðist löggjafinn hafa gert ráð fyrir að leyfisveitingum yrði beitt sem stjórnartæki. Í grundvallaratriðum telja SAF efni stefnudraganna endurspegla nokkuð vel þær áherslur sem löggjafinn lagði til grundvallar við samþykkt laga nr. 60/2007 og síðari breytingar á lögunum. Að því sögðu telja samtökin tilefni til að fjalla sérstaklega um nokkur atriði sem koma fram í drögunum.

Inngangur.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 60/2007 er stjórnunar- og verndaráætlun meginstjórnþæki þjóðgarðsins en í henni eru markmið verndunar, stefnu stjórnar og leiðir til að framfylgja stjórnun og vernd tilgreindar. Óhjákvæmilega verður atvinnustefnan að taka tillit til stjórnunar- og verndaráætlunar. Í þessu samhengi telja SAF ástæðu til þess að fagna því sérstaklega að í umfjöllun um atvinnustefnuna sé tekið fram að Vatnajökulsþjóðgarður sé vettvangur umfangsmikillar atvinnustarfsemi sem sé mikilvæg forsenda þess að þjóðgarðurinn nái tilgangi sínum. Þá ber jafnframt að fagna því að þau grunnildir séu skilgreind að starfsemi og stjórnsýsla þjóðgarðsins sem tengjast atvinnustarfsemi þurfi að einkennast af vandvirkni og metnaði.

SAF benda þó á að við setningu laga nr. 101/2016 hafði löggjafinn ferðaþjónustu sérstaklega í huga. Í því ljósi mættu forsendur atvinnustefnunnar tengjast slíkri starfsemi betur en gert er í drögunum. Þó svo að vissulega sé ekki loku fyrir það skotið að forsendur séu fyrir annarskonar starfsemi á svæðinu telja samtökin rétt að hugmyndir löggjafans um starfsemi innan þjóðgarðsins endurspeglar í forsendum stefnunnar. Því leyfa SAF sér að leggja til eftirfarandi viðbót við texta 3. mgr. kafla sem ber fyrirsögnina *Inngangur*:

Vatnajökulsþjóðgarður er vettvangur umfangsmikillar atvinnustarfsemi, b. á m. ferðaþjónustu, sem er mikilvæg forsenda þess að þjóðgarðurinn nái tilgangi sínum. Starfsemin, og stjórnsýsla þjóðgarðsins henni tengd, þarf því að einkennast af vandvirkni og metnaði. (Viðbót er undirstrikuð)

Leiðarljós.

Í kafla sem ber fyrirsögnina *Leiðarljós* er fjallað um meginreglur sem gilda eiga í samstarfi Vatnajökulsþjóðgarðs við atvinnulífið. Sérstök áhersla er lögð á gott samstarf við atvinnulífið og er það vel. Í stuttu máli eru skilgreindar meginreglur samstarfs við atvinnulífið eftirfarandi:

- Örvun atvinnustarfsemi sem samræmist markmiðum stofnunar þjóðgarðsins o.s.frv.
- Að ákvarðanatöku verði gagnsæ, skilvirk og málefnaleg.
- Að meðalhóf verði haft í huga við inngríp í rekstur þjónustuaðila.
- Að hlutlægni verði gætt þegar velja þarf milli þjónustuaðila.
- Að fjölbreytni verði gætt við val á þjónustuaðilum.
- Að taka beri tillit til jákvæðra áhrifa starfsemi við val á þjónustuaðilum.
- Að þjónustuaðilum verði ekki mismunað á grundvelli búsetu.
- Að samráð við hagsmunaaðila verði virkt, skipulegt og þjóni tilgangi sínum.
- Rík upplýsingamiðlun.
- Að kröfur verði gerðar til upplýsingagjafar og þekkingar þjónustuaðila.
- Að unnið verði með löglegri atvinnustarfsemi en gegn ólöglegri.
- Að samstarfsaðilar geti treyst aðstöðu, aðbúnaði og stjórnun þjóðgarðsins.
- Að gjaldtaka verði hófleg.
- Að gjaldtaka geti nýst til aðgangsstýringar.
- Að gjaldtaka standi undir tengdum kostnaði.

SAF telja framsetningu og efni meginreglnanna í meginatriðum skynsamlega. Þó er rétt að benda á að það er hið minnsta óljóst hvort 21. gr. laga nr. 60/2007 skapi nægilegan grundvöll til gjaldtöku á grundvelli sjónarmiða um aðgangsstýringu. Ákvæði lagagreinarinnar setja

gjaldtökunni mörk bæði hvað varðar fjárhæð gjaldsins og tilgang innheimtu, þ.e. veitta þjónustu.

Markmið og leiðir.

Í kaflanum eru helstu þættir skilgreindir í nokkuð grófum dráttum en jafnframt tekið fram að nánari útfærsla muni koma fram í verkefnaáætlunum.

Í kaflanum er dreginn upp nokkurskonar óskalisti með atriðum sem ætlunin er að fjallað verði um. Að mati SAF þyrfti að fjalla um atriðin með nákvæmari hætti í atvinnustefnunni. Þó svo að segja megi að umfjöllunin sé að mörgu leyti jákvæð og hafi leiðbeiningargildi horfir það til fyrisjáanleika að hún sé ítarlegri. Til dæmis telja SAF rétt að fyrirkomulag samráðs við hagaðila verði tilgreint nánar, þ.e. að áætlun um samráð komi beinlínis fram í atvinnustefnunni. Þá væri skynsamlegt að tímasetningar framlagningar áætlana og eyðublaða væru tilgreind.

Samtökin fagna því að stjórnunar- og verndaráætlun er tengd atvinnustefnu í kaflanum *Skilgreining þjónustupátta*. Skilgreining þjónustupátta er afar mikilvæg og hvetja SAF til þess að ríkt samráð verði haft við hagsmunaaðila við vinnuna.

Sérstök ástæða er til fagna því að gefið er til kynna að leitað verði samkomulags um framtíðartilhögun á svæði Vatnajökulsþjóðgarðs m.t.t. þeirra sem byggt hafa upp þjónustu á svæðinu. Að mati samtakanna er afar mikilvægt að samningaviðræður leiði til farsællar niðurstöðu fyrir alla aðila. Ástæða er til að fagna sérstaklega áformum um einfalda og skilvirka gerð leyfa og samninga. SAF hvetja Vatnajökulsþjóðgarð til að taka ríkt tillit til yfirburðastöðu sinnar við slíka samningsgerð og gæta þess sérstaklega að tryggja jafnræði aðila. Forsendur slíkrar samningsgerðar þurfa að vera skýrar og gagnsæjar og taka þarf ríkt tillit til þeirra aðila sem byggt hafa upp þjónustu á svæðinu bæði fyrir og eftir stofnun þjóðgarðsins. Ætla má að í sumum tilvikum hafi ferðaþjónustuaðilar fjárfest í tækjum, búnaði og þekkingu sem ekki ætti að fara til spillis. Slíkir aðilar hafa í mörgum tilvikum réttmætar væntingar um að halda starfsemi sinni áfram.

Samtökin telja afar mikilvægt að gæta jafnræðs og gagnsæis við úthlutun þeirra gæða sem í þjóðgarðinum felast og að metin verði sú reynsla sem skapast hefur meðal fyrirtækja sem starfað hafa innan þjóðgarðsins. Gera þarf kröfu til rekstraraðila að uppfylltar verði gæða og öryggiskröfur sem eiga við um starfsemina og það svæði sem reksturinn nær til. Þar má líta til Vakans sem lágmarkskröfu gagnvart þeim ferðaþjónustufyrirtækjum sem samið verður við um starfsemi innan þjóðgarðsins. Ef um nýja starfsemi er að ræða væri hægt að hafa aðlögunartíma til útbúa og fá viðurkennt gæða- og umhverfiskerfi.

SAF telja áform um kennimerki aðila sem starfa innan þjóðgarðsins afar skynsamleg. Slík kennimerki geta orðið til þess að skapa þjóðgarðinum afar jákvæða og heilsteypta heildarásýnd. Þá eru áform um miðlun og fræðslu afar jákvæð.

Framfylgd og endurskoðun.

Eðli máls samkvæmt getur atvinnustefnan þurft að taka breytingum með tíð og tíma. Að mati SAF er rétt að slík endurskoðun verði varfærin og fái sinn tíma.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar um atvinnustefnu Vatnajökulsþjóðgarðs á seinni stigum.

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar

A handwritten signature in blue ink, reading 'Jóhannes Þór Skúlason'. The signature is written in a cursive, flowing style.

Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri